

Matís ohf.

Ársreikningur 2011

Matís ohf.
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík
Kt. 670906-0190

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur
Yfirlit um sjóðstreymi
Skýringar

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Félagið var stofnað á árinu 2006 á grundvelli laga nr. 68 frá árinu 2006 og heyrir undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Í hlutafélaginu sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í matvælaiðnaði. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaiðnaði, líftækni og matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði, sem og íslenska ríkinu. Matís kemur að þróun á nýjum vörum og ferlum fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði og öryggi matvæla.

Hagnaður varð af rekstri félagsins, fyrir árið 2011 að fjárhæð 5,7 milljónir kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember 2011 námu heildareignir félagsins 694,8 milljónum kr. og bókfært eigið fé þann 31. desember 2011 nam 239,3 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi.


Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2012 vegna ársins 2011, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins ár árinu.

Hlutafé félagsins nemur 150 milljónum kr. og er allt í eigu ríkisins.

Stjórn Matís ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. maí 2012

Stjórn:



Forstjóri:



Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja og innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Matís ohf. á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 31. maí 2012

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Karlotta B. Aðalsteinsdóttir,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2011

Skýr. 2011 2010

Rekstrartekjur:

Seld þjónusta	1.245.898.946	<u>1.198.700.124</u>
---------------------	---------------	----------------------

Rekstrargjöld:

Laun og tengd gjöld	1	698.240.953	671.837.546
Annar rekstrarkostnaður		498.282.937	443.861.623
Afskriftir		47.540.781	63.134.991
		<u>1.244.064.671</u>	<u>1.178.834.160</u>

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.834.276	19.865.964
--	-----------	------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2	6.778.660	1.871.996
Rekstrarhagnaður fyrir tekjuskatt		8.612.936	21.737.960
Tekjuskattur		(2.937.644)	(4.067.420)

Rekstrarhagnaður ársins	<u>5.675.292</u>	<u>17.670.540</u>
-------------------------------	------------------	-------------------

EBITDA	<u>49.375.057</u>	<u>83.000.955</u>
---------------	-------------------	-------------------

Hagnaðarhlutur:

Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	3	0,04	0,12
---	---	------	------

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr. 31.12.2011 31.12.2010

Fastafjármunir:

Óefnislegar eignir:

Hugbúnaður	20.414.628	20.835.850
Einkaleyfi	260.868	395.680
	4 20.675.496	21.231.530

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Rannsóknartæki	108.887.906	133.742.517
Áhöld og tæki	5.851.955	2.951.042
Innréttningar	4.385.011	4.637.497
	5 119.124.872	141.331.056

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutir í dótturfélögum	500.000	500.000
Eignarhlutir í öðrum félögum	9.960.000	9.960.000
	10.460.000	10.460.000
Fastafjármunir	150.260.368	173.022.586

Veltufjármunir:

Vörslusjóður vegna verkefna	32.983.602	25.648.971
Viðskiptakröfur	7 291.317.967	172.071.326
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.010.015	803.603
Handbært fé	219.179.992	216.068.146
Veltufjármunir	544.491.576	414.592.046

Eignir samtals 694.751.945 587.614.632

31. desember 2011

Eigið fé og skuldir

Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
-------	------------	------------

Eigið fé:

Hlutafé	8	150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur		4.948.160	4.948.160
Óráðstafað eigið fé		84.350.605	79.480.038
Eigið fé samtals	9	239.298.765	234.428.198

Skuldbindingar:

Tekjuskattsskuldbinding	10	12.534.172	10.935.511
-------------------------------	----	------------	------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir	75.978.580	54.987.470
Fyrirfram innheimtar tekjur	207.717.511	135.475.469
Vörslusjóður verkefna	34.278.775	23.722.324
Aðrar skammtímaskuldir	124.944.142	128.065.659
	<hr/>	<hr/>
Skuldir og skuldbindingar samtals	442.919.008	342.250.922
	<hr/>	<hr/>
	455.453.180	353.186.433

Eigið fé og skuldir samtals	<hr/> 694.751.945	<hr/> 587.614.632
-----------------------------	--------------------------	--------------------------

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	5.675.292	17.670.540	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir 6	47.540.781	63.134.991	
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	1.598.661	(744.130)	
Veltufé frá rekstri	<u>54.814.734</u>	<u>80.061.401</u>	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun	(126.787.685)	(15.022.967)	
Skammtímaskuldir, hækkun	100.668.086	(14.176.324)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>(26.119.599)</u>	<u>(29.199.291)</u>	
Handbært fé frá rekstri	<u>28.695.135</u>	<u>50.862.110</u>	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(24.778.563)	(9.419.610)	
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(24.778.563)</u>	<u>(9.419.610)</u>	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Leiðréttig tekjuskatts fyrra árs	(804.727)	0	
Leiðréttig gjalda frá fyrra ári	0	4.660.288	
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(804.727)</u>	<u>4.660.288</u>	
Hækkun á handbæru fé	3.111.845	46.102.788	
Handbært fé í ársbyrjun	216.068.146	169.965.357	
Handbært fé í árslok	219.179.991	216.068.145	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

Erlendir gjaldmiðlar

- b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

- c. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

Innlausn tekna

- d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru þær aðgreindar og afskrifaðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknartæki	3 - 5 ár
Áhöld og tæki	3 - 4 ár
Innréttigar	5 ár

Skýringar, frh.:

Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

- f. Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

Vörslusjóður vegna verkefna

- g. Vörslusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

Handbært fé

- h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

Tekjuskattsskuldbinding

- i. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins végar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarrekning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

Laun og launatengd gjöld

	2011	2010
1. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	556.986.158	536.301.301
Launatengd gjöld	141.254.795	135.536.245
Laun og launatengd gjöld alls:	<u>698.240.953</u>	<u>671.837.546</u>
Starfsmenn (stöðugildi) í lok árs	92	89
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra.....	24,0 millj.	29,9 millj.

Skýringar, frh.:

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2011	2010
2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Fjármunatekjur	5.685.483	4.668.131
Fjármagnsgjöld	(574.635)	(409.168)
Gengismunur	1.667.813	(2.386.967)
	<u>6.778.660</u>	<u>1.871.996</u>

Hagnaðarhlutur

3. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu:

Hreinn hagnaður.....	5.675.292	17.670.540
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu.....	150.000.000	150.000.000
Hagnaðarhlutur	0,04	0,12

Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi.
Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 01.01.	557.218	38.300.055	38.857.273
Keypt á tímabilinu	0	7.254.458	7.254.458
Heildarverð 31.12. 2011	<u>557.218</u>	<u>45.554.513</u>	<u>46.111.731</u>
Afskrifað 01.01.	161.538	17.464.204	17.625.742
Afskrifað á tímabilinu	134.810	7.675.683	7.810.493
Afskrifað 31.12. 2011	<u>296.348</u>	<u>25.139.887</u>	<u>25.436.235</u>
Bókfært verð 31.12.2011	<u>260.870</u>	<u>20.414.626</u>	<u>20.675.496</u>
Afskriftahlutföll	25%	20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttigar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 01.01.	306.005.555	5.920.209	16.428.278	328.354.042
Keypt á tímabilinu	11.045.020	1.117.869	5.361.216	17.524.105
Heildarverð 31.12. 2011	<u>317.050.575</u>	<u>7.038.078</u>	<u>21.789.494</u>	<u>345.878.147</u>
			0	0
Afskrifað 01.01.	172.263.039	1.282.712	13.477.235	187.022.986
Afskrifað á tímabilinu	35.899.630	1.370.354	2.460.304	39.730.288
Afskrifað 31.12 2011	<u>208.162.669</u>	<u>2.653.066</u>	<u>15.937.539</u>	<u>226.753.274</u>
			0	0
Bókfært verð 31.12.2011	<u>108.887.906</u>	<u>4.385.012</u>	<u>5.851.955</u>	<u>119.124.873</u>
Afskriftahlutföll	20-30%	20%	20-30%	

Skýringar, frh.:.

Afskriftir greinast þannig:

Óefnislegar eignir	7.810.493
Varanlegir rekstrarfjármunir	39.730.288
	<u>47.540.781</u>

Fasteignarmat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2011 nam 666.962 m.kr.

7. Viðskiptakröfur

2011

Viðskiptakröfur vegna verkefna	156.731.761
Aðrar viðskiptakröfur.....	134.586.206
	<u>291.317.967</u>

Eigið fé

- Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.
- Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	150.000.000	4.948.160	79.480.039	234.428.199
Leiðr. tekjuskattur fyrra árs			(804.725)	(804.725)
Hagnaður ársins			5.675.292	5.675.292
Eigið fé 31.12.2011	<u>150.000.000</u>	<u>4.948.160</u>	<u>84.350.606</u>	<u>239.298.766</u>

Tekjuskattsskuldbinding

- Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í 01.01.2011	10.935.511
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.722.587
Tekjuskattur til greiðslu	(1.338.983)
Leiðrétt skuldbinding í ársbyrjun vegna tekjuskattshækkunar	1.215.057
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2011	<u>12.534.172</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir	10.429.869
Viðskiptakröfur	2.104.303
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils	<u>12.534.172</u>